

G J A L D S K R Á

31

28. apríl

fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Iðnrekendur og aðrir eigendur véla skulu greiða skoðunarmanni þóknun fyrir skoðanir eftirlitsskyldra véla sem hér segir:

1. gr.

A. Eimkatlar.

1. Fyrir aðalskoðun er skoðunargjald:

Pegar hitaflötur ketils er stærri en 30 fermetrar	kr. 50.00
Pegar hitaflötur ketils er frá 20—30 fermetrar	— 40.00
Pegar hitaflötur ketils er frá 12—20 fermetrar	— 30.00
Pegar hitaflötur ketils er minni en 12 fermetrar	— 25.00
Fyrir hvern ketil í brauðgerðarhús	— 10.00
Fyrir hvern suðuketil og reykhitara forketil, svo og yfirhitara, sem ekki er hægt að taka úr sambandi við ketilinn	— 20.00

2. Fyrir aukaskoðun skulu gjöld vera 15% lægri.

B. Aflvélar.

1. Fyrir aðalskoðun er skoðunargjald:

Fyrir hvert hestafl einvélar	kr. 0.70
Fyrir hvert hestafl olíuhreyfils	— 0.70
Fyrir hvert hestafl rafhreyfils	— 0.50
Fyrir hvert hestafl vatnshjóls	— 0.50
Fyrir hvert hestafl vindvélar	— 0.75
Fyrir varavélar 30 hestafla og stærri	— 5.00
Fyrir varavélar minni en 30 hestafla	— 2.00

Gjald fyrir varavél má þó ekki fara fram úr því, sem það er fyrir jafnstóra vél í notkun.

2. Fyrir aukaskoðun aflvéla í fiskimjöls- og síldarverksmiðjum skulu gjöld vera 15% lægri, en 40% lægri fyrir aðrar aflvélar.

C. Vinnuvélar.

1. Fyrir aðalskoðun er skoðunargjald:

Fyrir hverja algenga vinnuvél í málmiðnaðarverksmiðjum ..	kr. 1.75
Fyrir hverja algenga vinnuvél í bókbandsstofum, mjólkurbú- um, gosdrykkjaverksmiðjum og ölbrugghúsum (tappa- og hreinsunarvélar), brauðgerðarhúsum og sætindagerðum ...	— 0.85
Fyrir hverja algenga vinnuvél í tréiðnaðarsmiðjum	— 2.00
Fyrir hverja algenga vinnuvél í prentsmiðjum	— 4.00

31

28. apríl

- Fyrir hverja algenga vinnuvél í ullarverksmiðjum kr. 4.50
 Fyrir hverja algenga vinnuvél í fiskimjöls- og síldarverksmiðj. — 5.00
 Fyrir allar aðrar vélar greiðist hlutfallslega eftir því, hve margbrotin og stór vélin er kr. 0.85 til — 5.00
 Fyrir hverjar 5 vélar, sem knúðar eru frá sömu aflvél greiðist vegna ása — 1.00
2. Fyrir aukaskoðun vinnuvéla í fiskimjöls- og síldarverksmiðjum skulu gjöld vera 15% lægri, en 40% lægri fyrir aðrar vinnuvélar.

D. Lyftur.

1. Fyrir aðalskoðun er skoðunargjald:
 Fyrir hverja fólkslyftu kr. 15.00
 Fyrir hverja vörulyftu fyrir meira en 100 kg. þunga — 10.00
 Fyrir hverja vörulyftu fyrir 100 kg. þunga eða minna — 8.00
2. Fyrir aukaskoðun skulu gjöld vera 40% lægri.

E. Frystivélar.

1. Fyrir aðalskoðun er skoðunargjald:
 Þegar kæligagn frystivélar er meira en 50000 kgcal. kr. 30.00
 Þegar kælimagn frystivélar er 25—50000 kgcal. — 20.00
 Þegar kælimagn frystivélar er 12—25000 kgcal. — 10.00
 Þegar kælimagn frystivélar er minna en 12000 kgcal. — 4.00
 Fyrir hjálparvélar við frystun, svo sem vindsnældur og dælur greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir vinnuvélar eftir stærð.
2. Fyrir aukaskoðun skulu gjöld vera 40% lægri.

F. Vinnustofur án véla.

1. Fyrir aðalskoðun er skoðunargjald fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem:
 a. Saumastofur, þvottahús, blikksmiðjur, netagerðarstofur, seglasaumastofur o. s. frv. fyrir hvern fermetra gólfflatar .. kr. 0.07
 b. Viðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, fiskþvottahús og opin vinnuskýli fyrir hvern fermetra gólfflatar — 0.02
2. Fyrir aukaskoðun skulu gjöld vera 40% lægri.

G. Gasframleiðslutæki o. fl.

1. Fyrir aðalskoðun er skoðunargjald:
 Fyrir hvert eftirlitsskylt gasframleiðslutæki kr. 8.00
 Fyrir hvert eftirlitsskylt gas- og lofthylki allt að 1,0 tenm. að stærð — 5.00
 Fyrir hvert eftirlitsskylt gas- og lofthylki stærri en 1,0 tenm. — 8.00
2. Fyrir aukaskoðun skulu gjöld vera 40% lægri.

2. gr.

Þó skoðun fari fram oftár en einu sinni á sama ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema þurfi sérstakt ferðalag vegna slíkrar aukaskoðunar og skal þá greiða fullt gjald fyrir skoðun.

31

28. apríl

3. gr.

Þegar eftirlitsmanni er send til umsagnar beiðni um leyfi til að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki (sbr. 4. gr. laganna) skal greiða fyrir slíka umsögn jafnhátt gjald og myndi greitt fyrir skoðun véla þeirra o. fl., sem umsögnin er um.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum frá 30. janúar 1932.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi 1. maí þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bjarna Daðasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. maí 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bjarna Daðasonar.

32

19. maí

Til minningar um látinn eiginmann minn, Bjarna Daðason bónda á Uppsölum í Hálsahreppi, einkum um háttarni hans og farnað í búnaði, hefi ég undirrituð lagt 3000 — þrjú þúsund — krónur í sjóð, er bera skal nafn hans, og sé sjóðurinn eign Hálsahrepps í Borgarfjarðarsýslu.

Höfuðstólinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skal árlega leggja þar við höfuðstólinn helming vaxtanna, þangað til hann er orðinn sex þúsund krónur. Þaðan af skal leggja við höfuðstólinn einn fjórða hluta vaxta.

Útborgunarvöxtum má verja til hvers þess, er ætla má að örvað geti innbúa Hálsahrepps til umbóta í haldi búpenings og annara hagsbóta í búnaði. Um bú-